



STARFSLÝSING

Yfirmaður: Íþróttá- og tómstundafulltrúi

Stofnun / Deild: Félagsmiðstöðin Zveskjan

1. Stjórnskipun, ábyrgð markmið og meginviðfangsefni

Starfið heyrir undir íþróttá- og tómstundafulltrúa og er starfsmaður ábyrgur í störfum sínum gagnvart honum. Starfsmaður skipuleggur sumarfrístund barna í 1. – 4. Bekk á Reyðarfirði og sér um að framfylgja því skipulagi. Forstöðumaður verkstýrir öðrum starfsmönnum í sumarfrístund.

2. Helstu verkefni

- Skipuleggja í samráði við íþróttá- og tómstundafulltrúa og annað starfslíð starfið í sumarfrístund með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda hverju sinni.
- Aðstoð og utan umhald við sumarnámskeið fyrir miðstig í Fjarðabyggð.
- Halda utan um skráningu barna í sumarfrístund og sumarnámskeið.
- Gefa börnum tækifæri til að stunda heilsusamlega hreyfingu og sinna þroskandi viðfangsefnum jafnt úti sem inni.
- Hjálpa börnum í sumarfrístund við að skipuleggja og framkvæma verkefni við hæfi.
- Aðstoða börn í kaffitímum.
- Að hafa hag barnanna að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju.
- Að hafa jafnrétti barna að leiðarljósi.
- Gæta skal fyllsta öryggis í vinnu með börn í sumarfrístund og forðast þær aðstæður sem reynst geta þeim hættulegar.
- Þagnarskylda gildir um öll mál sem starfsmenn verða áskynja í starfi sínu og gildir sú þagnarskylda þótt látið sé af störfum.

2.1. Samskipti

- Við aðra starfsmenn sumarfrístunda og íþróttá- og tómstundafulltrúa.
- Við forráðamenn barna í sumarfrístund.
- Við íþróttafélög og aðra sem bjóða upp á námskeið eða æfingar fyrir börn á þessum aldri.
- Við utanaðkomandi ráðgjafa.

2.2. Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem að íþróttá- og tómstundafulltrúi felur starfsmanni eða verkefni sem eru skilgreind á hans ábyrgðarsviði.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1. Menntun og reynsla

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. tómstunda- og félagsmálafræði eða önnur uppeldismentun.
- Reynsla af vinnu með börnum.
- Hreint sakavottorð
- Frumkvæði og sjálfstæði.

- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli

3.2. Hæfnisþættir

- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Metnaður og dugnaður.
- Áhugi á að taka þátt í og þróa nýtt verkefni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.

Fjarðabyggð, xx. xxxx 20xx

xxx

Íþótta- og tólmstundafulltrúi

xxxx

Starfsmaður